

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Sigríðar Á. Andersen um sérstaka dreifingu á upplýsingum úr álagningarskrám.

1. *Er skattstjóra heimilt án sérstakrar lagaheimildar að gera og birta opinberlega lista yfir annars vegar þá einstaklinga og hins vegar þá lögaðila sem hæstir skattar hafa verið lagðir á samkvæmt álagningarskrám hvers árs?*

Ríkisskattstjóra er það ekki heimilt án sérstakrar lagaheimildar.

2. *Er slík heimild, óháð svari við 1. tölul., fyrir hendi í gildandi lögum og þá hvar?*

Ríkisskattstjóra er skylt að semja og leggja fram álagningarskrá og skattskrá samkvæmt 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta, sbr. 4. málsl. 2. mgr. 98. gr. sömu laga.

